

**Nd.****676. Frumvarp til laga****[83. mál]**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:				
1.	Nr. 8 í 12. kafla orðist svo: 8 Oliufrae og oliurik aldin, einnig mulin .....	1 kg		2
2.	18 og 19 í 15. kafla orðist svo: 18 — risínusolía (laxerolía) .....	—	2	8
	19 — önnur jurtafeti, ót. a. ....	—	2	8
3.	Nr. 2 í 25. kafla orðist svo: 2 Sandur, ót. a. .... tollfrjáls			
4.	Í stað nr. 16 í 25. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: <b>Gips:</b> 16 — óunnið ..... tollfrjálst			
	16a— brennt, mulið eða þvegið .....	—	2	8
5.	Nr. 1 í 28. kafla orðist svo: 1 Bróm, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sam- bönd þessara efna innbyrðis, svo og með klóri og joði, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer .....	—	7	8
6.	Í stað nr. 11 í 28. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: — ediksýra: 11 — — edik .....	—	7	30
	11a— — önnur .....	—	7	8
7.	Nr. 51 og 52 í 28. kafla orðist svo: 51 — metylalkóhól .....	—	7	8
	52 — isóprópylalkóhól .....	—	7	8
8.	Aftan við nr. 60a í 28. kafla bætist orðin: svo og hexan.			
9.	Á eftir nr. 15 í 31. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 15a— hárlíðunarvökvar og hárlíðunarduft, ót. a. ....	—	7	30
10.	Nr. 17 í 44. kafla orðist svo: 17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur 40—75 g/m <sup>2</sup> .....	—		2
11.	Aftan við nr. 21 í 44. kafla tollskrárinnar komi nýr liður, svo hljóðandi: 21a Sellófanpappír .....			2
12.	Nr. 22 í 44. kafla orðist svo: 22 Marmarapappír og annar pappír, ót.a. ....	—	7	30
13.	Nr. 33 í 44. kafla orðist svo: 33 — vaxbornar umbúðir .....	—		2
14.	Nr. 7 í 45. kafla falla niður.			
15.	Orðin „með eða“ í nr. 19 í 45. kafla falli niður.			
16.	Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 20a Áprentaður fiskumbúðapappír, enda beri áritunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings	—		2
17.	Nr. 1 í 46. kafla B orðist svo: 1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gervipræðir úr cellulose .....	—	2	2

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
18. Í stað nr. 4—5 í 46. kafla B komi þrjú nr., svo hljóðandi: <b>Garn:</b>			
4 — tvinni .....	1 kg	20	8
5 — netjagarn, ólitað .....	—	2	5
5a— annað .....	—	20	15
19. Á eftir nr. 8 í 48. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 8a— molskinn .....	—	20	25
20. Í stað nr. 19 í 50. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi: — fiskinet og fiskinetjaslöngur:			
19 — — úr nylon og öðrum gervipráðum .....	—	2	5
19a— — úr öðrum vefjarefnum .....	—	2	2
21. 42 í 50. kafla falli niður.			
22. Nr. 22 í 60. kafla falli niður.			
23. Á eftir fyrirsögninni að XV. flokki, „Ódýrir málmar og vörur úr þeim“, komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Ef inn eru fluttar vörur úr málum þeim, sem teljast til 64.—70. kafla, og vörur þessar eiga að koma í hærri tolla en tilsvarandi vörur úr járn og stáli í 63. kafla, má fjármálaráðuneytið mæla svo fyrir, að greiða skuli af þeim hin lægri aðflutnings- gjöld eftir 63. kafla. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
24. Á eftir nr. 22 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 22a Bryggjur, brýr, hús og önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	2	8
25. Á eftir nr. 26 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 26a Fiskkörfur og körfur undir mjólkurflöskur úr vír og þess háttar .....	—	2	8
26. Í stað nr. 85 og 86 í 63. kafla komi þrjú númer, svo hljóðandi: Blikkdósir og kassar: — málaðir, áletraðir, lakkeraðir eða skreyttir:			
85 — — með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings .....	—	7	2
86 — — aðrir .....	—	7	30
86a — annars .....	—	7	20
27. Aftan við nr. 88 í 63. kafla komi svo hljóðandi athugas.: Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að færa skálar, sem eru pressaðar til vaskagerðar og að öðru leyti óunnar, niður í 15% verðtoll.			
28. Á eftir nr. 9 í 66. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 9a Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l .....	—	7	2
29. Aftan við nr. 33 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 33a Bindivélar .....	—	7	8
30. Í stað nr. 27—28 í 72. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 27 Vélar til bygginga- og mannvirkjagerðar, lyftingar, fermingar og affermingar, til graftar, og hlutar til þeirra, ót. a., svo og dráttarbrautir og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	2	8

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
31. Nr. 64 í 72. kafla orðist svo: 64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra .....	1 kg	7	15
32. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 13—16 í 73. kafla, „Rafmagnsbúnaður í báta, bifreiðar og bifhjól“, komi: Rafmagnsumbúnaður í bifreiðar, skip og önnur farartæki.			
33. Í stað fyrirsagnarinnar að nr. 37—45 í 73. kafla, „Búsáhöld og hlutar til þeirra“ komi: Vélar og áhöld, einkum til heimilisnotkunar.			
34. Nr. 46—54 í 73. kafla falli niður.			
35. Á eftir nr. 1 í 76. kafla komi nýtt númer, svo hljóðandi: 1a Fallhlífar og tilheyrandi .....			
36. Nr. 12 í 77. kafla falli niður.			
37. Í stað nr. 29—32 í 77. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi: Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
29 — bifreiðavogir (bryggjuvogir) .....	—	7	8
30 — desimalvogir og vogir fyrir rennibrautir .....	—	7	8
31 — aðrar .....	—	7	30
38. Við nr. 3 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna.			
39. Við nr. 11 í 79. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómpötum með verkum eftir íslenska höfunda og verkum sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.			
40. Á eftir nr. 10 í 82. kafla komi svo hljóðandi athugasemd: Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.			
41. XXI. flokkur og 87. kafli orðist svo:			

## XXI. FLOKKUR

### Listaverk og safnmunir, ót. a.

#### 87. kafli.

#### Listaverk og safnmunir, ót. a.

1 Listaverk .....	tollfrjáls		
Aths. Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frumverksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afstepum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
Safnmunir, ót. a.:			
2 — frímerki og önnur slík merki .....	tollfrjáls		
3 — safnmunir til opinberra safna .....	tollfrjálsir		
4 — aðrir .....	—	7	30

## 2. gr.

Á eftir 1-lið 3. gr. komi níu nýir stafliðir, svo hljóðandi:

- m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.
- n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.
- o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.
- p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.
- q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.
- r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddra og þvilíkra.
- t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútflettir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.
- u. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til vísindarannsóknna samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og símamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D.C.

## 3. gr.

Í stað orðanna „eða báta“ í síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi: báta eða flugvéla.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi 5. liður 1. gr. laga nr. 6/1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.